

Gjaldskrá sorphirðu og sorpeyðingar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr. Innheimta sorphirðu og sorpeyðingu

Innheimta skal gjald fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs, og nr. 149/2004 um hirðu og meðhöndlun seyru. Gjöldin eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr. Sorphirðugjald.

a) 240 lítra tunna	29.400,- kr.
b) 660 lítra tunna	41.475,- kr.
c) 1.100 lítra tunna	47.250,- kr.

3. gr. Sorpeyðingargjald. A

Íbúðir	16.800 kr.
Sumarhús	14.700 kr.
Grá tunna 660 l	57.750 kr.
Grá tunna 1100 l	97.650 kr .
Almennt sorp 1/2 m ³	3.000 kr
Flokkað sorp gjaldskytt 1/2 m ³	2.000 kr

4.gr. Gjald fyrir dýrahæ.

Lagt á aðila með búrekstur

Gjaldflokkur 1 (mikil notkun)	120.000 kr
Gjaldflokkur 2	80.000 kr.

Aðilar í búresktri undir 5.000.000 kr ársveltu geta sótt um 40 % afslátt af gjaldi fyrir dýrahæ.

Fyrirtæki greiða ekki sérstakt sorphirðugjald heldur greiða fyrir sorp samkvæmt gjaldskrá.

Gámasvæðin taka við flokkuðum úrgangi frá fyrirtækjum í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Gámasvæðin taka við Almennu sorpi, grófum úrgangi, dýrahraejum, málmum brotajárni og lituðu timbri.

Á svæðinu er jafnframt tekið á móti spilliefnum, raftækjum og öðru sem telst til sorps frá heimilum og fyrirtækjum.

5. gr. Seyrulosunargjald.

Árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa er. 10.500 kr.